MONITORBLAÐIÐ 6. TBL 1. ÁRG. FIMMTUDAGUR 29. APRÍL 2010 MORGUNBLAÐIÐ | mbl.is

# MONITOR



TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAÐ

# Fermingar tilboð



## MacBook 13"

2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB skjástýring
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
Allt að 7 klst rafhlöðu ending
Aðeins 2.13 kg

**Verð: 199.990 kr.**

**Tilboð: 189.990,- kr.***



## iPod nano

Geymir allt að 4000 lög
Vegur aðeins 36,4g
Upptökumyndavél
FM útvarp
7 litir

8GB | 16GB

**Verð frá: 39.990,-**

## iPod/iPhone hlífðarhulstur




iPod/iPhone hlífðarhulstur: **Verð frá 2.990,-**

Hulstur á myndum eru aðeins brot af úrvali í verslun okkar

**Apple búðin**
Sími 512 1300
Laugavegi 182

**Afgreiðslutími:**
Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

www.epli.is

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. *Tilboð gilda til 8. maí, eða meðan birgðir endast.

# fyrst&fremst

## Á BAR MEÐ BOBBYSOCKS!

Vera var stödd í New York þegar úrslitakvöld Eurovision fór fram í fyrra. „Það var miður dagur í New York þegar þetta var í gangi og ég horfði á þetta á pínulitlum bar, sem var fullur af Íslendingum og Norðmönnum. Svo varð Ísland auðvitað í öðru sæti og Noregur í fyrsta og það varð allt tjúllað inni á staðnum. Svo stendur allt í einu upp önnur konan úr Bobbysocks!“ segir Vera, en Bobbysocks! sigraði í Eurovision fyrir Noreg árið 1985 með lagið La det svinge. „Þá varð allt ennþá meira tjúllað. Fólkið sem rak barinn fann lagið á YouTube og hún stóð upp og tók lagið á staðnum. Það var eins og ég væri stödd í Twilight Zone-þætti,“ segir Vera og bætir við að hún hafi aldrei haft eins gaman af keppninni. „Þetta heitir að vera á réttum stað á réttum tíma.“





Mynd/Ernir

VERA SÖLVADÓTTIR KVIKMYNDAGERÐARKONA

# Hera ástfangin af sundlaugarverði

**Vera Sölvadóttir** *leikstýrir Eurovision-myndbandinu sem er frumsýnt í* **Kastljósinu** *á föstudagskvöld.*

„Þetta er ástarsaga og miklir dívustælar. Hera verður ástfangin af sundlaugarverði sem er leikinn af Valdimar Erni Flygenring,“ segir Vera Sölvadóttir, leikstjóri tónlistarmyndbandsins við Eurovision-lag Íslendinga í ár, Je Ne Sais Quoi. Vera er að kenna við Kvikmyndaskóla Íslands, en skólinn bauðst til að gera myndband fyrir Heru eftir að RÚV neitaði að gera það.

Myndbandið verður frumsýnt í Kastljósinu á föstudagskvöld, en þá er vika síðan tökur hófust. „Þetta gerðist mjög hratt. Ég fékk símtal á miðvikudegi og við vorum byrjuð að skjóta á föstudeginum. Við settum allt á fullt og framleiðslan var öll innan skólans,“ segir Vera.

### Ekki bara diskó og læti

Myndbandið var skotið í Sundhöllinni í Reykjavík, en Vera er sjálf mikil sundmanneskja. „Mömmu fannst mjög fyndið að ég skyldi hafa gert þetta í lauginni. Ég fer í laugina daglega og hef farið alveg síðan ég var krakki. Maður tekur alltaf eitthvað úr sínum eigin heimi og fyrst það þurfti að kokka upp hugmynd strax tók ég einhvern veginn það sem var mér nærri,“ segir Vera.

Hún neitar því að mynbandið sé hefðbundið Eurovision-myndband. „Þetta er auðvitað Eurovision, en þetta er ekki bara diskó og læti. Það er saga í myndbandinu og ég get lofað því að Hera verður svaka díva,“ segir Vera og ber söngkonunni söguna vel. „Hera er alveg æðisleg. Ég vissi ekki áður en ég fór að vinna með henni að hún væri svona flott leikkona.“

### BB&Blake að vakna

Vera er sjálf söngkona í hljómsveitinni BB&Blake, sem hún starfrækir ásamt leikaranum Magnúsi Jónssyni. „BB&Blake er aðeins að vakna til lífsins aftur. Maggi er búinn að vera á Akureyri að leika, en hann er kominn í bæinn aftur og við erum svona að skipuleggja næstu skref,“ segir Vera, en sveitin gaf út sína fyrstu plötu fyrir síðustu jól. „Það var mjög gott að koma plötunni loksins út, en við vorum reyndar ekkert svakalega dugleg að fylgja henni eftir.“

**Uppáhalds Eurovision-lag Veru:**
„Gleðibankinn. Það er besta Eurovision-lag sem hefur verið samið og verður ávallt mitt uppáhalds Eurovision-lag.“



HERA BJÖRK ER EURO-DÍVA MEÐ MEIRU



FÖGUR FLJÓÐ SEM LEIKA Í MYNDBANDINU



ÞESSIR ERU MEÐ LÁGA FITUPRÓSENTU

## Feitast í blaðinu




**Tískusýning** *LHÍ fór fram um síðustu helgi. Flott úttekt á hönnuðum og flíkum þeirra.* »4



**Steindi Jr.** *í viðtali. Hann byrjar með nýjan þátt um helgina.* »8



**Úrslit Skólahreystis** *fara fram um helgina. Ásgeir Erlends í spjalli.* »10



**Filófaxið** *er sannkölluð Biblía helgarinnar. Allir viðburðir á einum stað.* »12




**Tíu kvikmyndir** *sem kostuðu lítið en slógu í gegn og þénuðu svakalega.* »14


*Efst í huga Monitor*

# Vilt þú dansa með Monitor?

Þetta er sjötta tölublað Monitor eftir að blaðið fór að koma út vikulega. Viðtökurnar hafa verið hreint út sagt frábærar og gaman að sjá að lesendur eru jafn ánægðir með breytingarnar og við sem stöndum að blaðinu. Það er líka gaman hversu margir hafa verið duglegir við að hafa samband, bæði símleiðis og póstleiðis.

Einn ágætur eldri maður hringdi og spurði hvort okkur þætti allt í lagi að kalla blaðið Monitor. Það væri útlenska og aðför gegn íslenskri tungu. „Hér áður fyrr var blað sem hét Fjölnir,“ sagði kappinn. „Ég veit. Þess vegna gátum við ekki kallað blaðið Fjölni. Urðum að nota Monitor,“ svaraði ég. Honum var ekki skemmt. „Ég hef lært eitt af því að tala við þig: Þessi kynslóð sem þú tilheyrir er vonlaus!“ sagði hann og lagði á. Sem betur fer hafa flestir verið jákvæðari en fyrrnefndur félagi. En hvort sem þið hafið jákvæðar eða neikvæðar ábendingar megið þið endilega senda okkur línu. Við tökum öllum athugasemdum fagnandi.





Að þessu sinni prýðir Steindi Jr. forsíðuna, en hann er að byrja með eigin sjónvarpsþátt á Stöð 2 um helgina, Steindann okkar. Steindi skaust einmitt fram á sjónarsviðið undir merkjum Monitor með óborganlegum sketsum á vefnum okkar og í þættinum sem sýndur var á Skjá einum í fyrra. Við erum alltaf að leita að skemmtilegu hæfileikafólki eins og Steinda. Ert þú að skrifa, taka myndir, gera myndbönd, standa fyrir viðburðum, sitja fyrir eða að gera eitthvað annað áhugavert? Þá eru yfirgnæfandi líkur á að Monitor vilji dansa við þig.

Best er að nálgast okkur með því að senda póst á monitor@monitor.is

*Ást og virðing!*
*Björn Bragi, ritstjóri.*

MONITOR
**Ritstjóri:** Björn Bragi Arnarsson (bjornbragi@monitor.is) **Umbrot og hönnun:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)
**Blaðamenn:** Allan Sigurðsson (allan@monitor.is), Haukur Johnson (haukurjohnson@monitor.is), Vigdís Sverrisdóttir (vigdis@monitor.is)
**Forsíða:** Ernir Eyjólfsson **Myndvinnsla:** Hallmar F. Þorvaldsson **Auglýsingar:** auglysingar@monitor.is **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent

# Monitor *mælir með*

**GÓÐVERK** **Rauði krossinn** er að safna fólki í hreinsunarstarf vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Til stendur að mæta á svæðið á fimmtudag og föstudag og hjálpa fólkinu sem býr í grennd við eldgosið og hefur orðið illa úti vegna öskunnar sem hefur rignt yfir allt. Hægt er að skrá sig á heimasíðu Rauða krossins, raudikrossinn.is. Skyldumæting fyrir þá sem eru ekki hrikalega uppteknir.



**Í SPILARANN** **Platan XX með XX** er svívirðilega góð. Kom út síðasta sumar og eflaust margir búnir að spila hana í þaula, en þeir sem hafa ekki gert það ættu að næla sér í gripinn með hraði. Chill-tónlist eins og hún gerist best og hentar við öll tækifæri.



**GEÐHEILSAN** **Kyrrðarstund** með engum nema þér. Að keyra út fyrir bæinn, slökkva á bílnum og horfa á norðurljósin gefur þér nokkuð sem verður ekki keypt hjá sálfræðingi og fæst ekki í nokkru pilluglasi.



## Vikan á... facebook

**Bubbi og moldin**



**Bubbi Morthens** Var að fá mold frá hálsi dökka mjúka ilmandi gróðurmold likt af mold mosa grasi Ósp þarf að ræða það eithvað frekar.
26. apríl 2010 kl. 21:26



**Bubbi Morthens** fór út með trefil passa hálsin setti niður karftölur góð likt af moldini þrösturinn glaður ég skildi vera róta í mold hann fann sér eithvað að nasla í
27. apríl 2010 kl. 16:47



**Bubbi Morthens** búin að vera stúsas í beðum klippa rósir þvo þvot baka brauð moka mold haha ég er ekki ovirkur heldur duglegur
28. apríl 2010 kl. 16:28



**Bubbi Morthens** Mold Mold dásamlega mold frjóa gefandi mold.er búin að vera í mold í morgun beðin mín eru að verða fögur eru að komast í spariföt sá hunangs flugu í morgun mér sýndist hún vera hamingjusöm.!
28. apríl 2010 kl. 09:37

**1. Innblástur að lokaverkefninu? 2. Uppáhaldsflíkin úr lokaverkefninu? 3. Hvaða Íslending myndir þú helst vilja klæða?**

**Útskriftarsýning fatahönnunarnema við Listaháskóla Íslands var haldin síðastliðið föstudagskvöld í gamla Byko-húsinu við Hringbraut. Útskriftarnemarnir voru sex og sýndu fjölbreytta afrakstur lokaverkefna sinna. Monitor spjallaði við stelpurnar eftir tískusýninguna um lokaverkefnin og framtíðina.**

# Ferskir fatahönnuðir







## POWER WOMAN
**Birta Ísólfsdóttir**


BIRTA

1. Ég sótti innblástur í klassísk herraföt. Tók jakka í sundur því inni í þeim leynast allskonar spennandi hlutir sem ég fór lengra með í línuna. Á móti herrafatnaðinum koma kvenlegar línur út frá handgerðum korsettum frá seinni hluta 19. aldar.
2. Rúskins-samfestingurinn.
3. Dorrit Moussaieff.
4. Í einhverju öðru listtengdu stafi.
5. Það tekur við eitthvert fallegt ævintýri.
6. Falleg sólgleraugu og killer-hælaskór eru alltaf möst.
7. Þetta er fjölbreytt lína þannig að flestar konur ættu að geta klæðst eitthverju, jafnvel fíngerðir karlmenn líka.

## SHERLOCK HOLMES
**Laufey Lúðvíksdóttir**


LAUFEY

1. Sherlock Holmes.
2. Grágrænbláa regnkápan.
3. Vigdísi Finnbogadóttur.
4. Ritstjóri.
5. Ég hef ekki hugmynd.
6. Sundföt.
7. Forvitin kona.





**4.** Ef ekki fatahönnuður, þá...? **5.** Hvað tekur við eftir útskrift? **6.** „Must have“ flík í sumar? **7.** Hver klæðist línunni þinni?







## SYMMETRICAL PATCHWORK

**Ýr Þrastardóttir**


ÝR

**1.** Áttundi áratugurinn og ýkt form kvenlíkamans.
**2.** Jakki sem var saumaður saman úr 68 bútum.
**3.** Dorrit Moussaieff.
**4.** Gleðigjafi.
**5.** Humar og frægð.
**6.** Sundföt og sólgleraugu.
**7.** Svalar stelpur.

## GRUNGE CHIC

**Erla Stefánsdóttir**


ERLA

**1.** Grunge, military, cut-out, samspilið á milli „rough“ og „delicate“ og auðvitað Patti Smith.
**2.** Frá delicate-hliðinni væri það grái silkikjóllinn en úr grófu deildinni er það síða military-kápan.
**3.** Hvern sem er, bring it on!
**4.** Söngkona eða bassaleikari, enginn vafi.
**5.** Útskrift úr djasssöng við Tónlistarskóla FÍH og að halda hönnunargleðinni ferskri og gangandi.
**6.** Verða ekki allir trylltir að ganga á fjöll í sumar þannig að væri góður göngufatnaður ekki „must have“ í sumar? Nú eða sætur sumarkjóll.
**7.** Töffaragella með stæl og þor.











## GEOMETRÍSK RÓMANTÍK

**Kristín Petrína Pétursdóttir**


KRISTÍN

**1.** Geometrísk form, sjöundi áratugurinn, ólík efni og ljósmyndir Camillu Akrans.
**2.** Brúna kápan.
**3.** Björk.
**4.** Leikskólakennari.
**5.** Sumarvinna og svo fer ég að vinna áfram við að hanna og sauma.
**6.** Sumarkjóll auðvitað.
**7.** Kona sem vill láta taka eftir sér og er óhrædd við að prófa eitthvað nýtt.

Myndir/Eggert og Allan

## HILLBILLY CHIC

**Rakel Jóhannsdóttir**


RAKEL

**1.** Úr ýmsum áttum, til dæmis frá mynd af fjáhirði á Krít, hermannahjálmi með neti, leðurbrynju og Apache-indjánum.
**2.** Kjóll sem ég hannaði úr neti og silkisatíni. Minnir á brynju en er klæðilegur á sama tíma.
**3.** Björk eða Emilíönu Torrini.
**4.** Þá væri ég líklegast í Suður-Afríku að hjálpa mörgæsum.
**5.** Hver veit? Mig langar að fara til Parísar eða New York að vinna. Skerpa mig í frönskunni og læra af meisturunum.
**6.** Aðsniðnir jakkar og stuttbuxnapils.
**7.** Sterk kona sem hefur ekkert á móti því að vera örlítið krúttleg.





## Um sýninguna höfðu þau að segja...

„Heildarsýningin var skemmtileg eins og alltaf. Gaman að sjá falleg munstur og það sem stóð upp úr var jakki frá Ýri Þrastardóttur.“
*–Stefán Svan, starfsmaður GK Reykjavík*

„Mér fannst mikið af góðum hugmyndum hjá hönnuðunum en hefði viljað sjá meiri karakter frá þeim til að gera hvert collection persónulegra. Línan hjá Ýri Þrastardóttur hitti í mark.“
*- Katrín Alda, hönnuður KALDA og meðeigandi Einveru.*

„Mér fannst þetta allt svolítið keimlíkt og fannst kannski vanta meiri persónuleika í sumt. Þó fannst mér flíkurnar virka mjög fágaðar og vel frágengnar. Ýr var klárlega sigurvegarinn í mínum augum.“
*–Harpa Einarsdóttir, hönnuður*



DÓRI DNA ÁRIÐ 2007
ÁÐUR EN ÖRLÖGIN TÓKU Í TAUMANA

# Hljóp út í móðursýkiskasti

## **Dóri DNA** *var yfir pari á árshátíð á dögunum*

„Ég var ekki í stuði. Ég var að fara að fljúga út daginn eftir og bara náði honum ekki upp, sama hvað ég reyndi,“ segir Halldór Halldórsson, betur þekktur sem Dóri DNA. Hann kom fram á árshátíð í síðustu viku við dræmar undirtektir. Svo dræmar að Fréttablaðið sá ástæðu til að skrifa um uppákomuna: „Þegar kom að Dóra var eins og slökkt hefði verið á hláturtaugum gesta.“

Dóri segist vera sár yfir ummælunum. „Þetta var gigg sem við komum frítt fram á, bara upp á vinskap. Það voru 90 manns þarna og allir að éta steik. Ég tók einhverja handrukkarabrandara sem slógu í gegn í Keflavík, en það heyrðist ekki múkk í salnum. Þannig að ég sagði bara: „Haldið þið að þið séuð betri en fólkið í Keflavík? Þið getið huggað ykkur við að ég fékk ekkert borgað fyrir þetta!“ Svo hljóp ég út í móðursýkiskasti og teygaði þrjú vodkaglös í gamalli Benz-bifreið fyrir utan Hótel Loftleiðir,“ segir Dóri.

Dóri getur þó glaðst yfir velgengni sinni um síðustu helgi, þegar Mið-Íslendingar gerðu góða ferð til Danmerkur. „Það var feitt úti í Danmörku. Það mættu þvílíkt margir og þetta var geðveikt kvöld. Friðrik Weishappel bauð okkur í brunch og Gísli Marteinn mætti að horfa á,“ segir Dóri og bætir við að sá síðarnefndi hafi verið tekinn fyrir. „En hann var mjög ánægður með þetta. Hann er með svo breitt bak hann Gísli,“ segir Dóri.



# Þverröndótt og þægilegt

## **Dóra Júlía Agnarsdóttir** *kíkti með* **Monitor** *í* **Deres** *og setti saman flott hversdagslegt dress.*



### DÓRA JÚLÍA AGNARSDÓTTIR

**Fyrstu sex:** 08.09.92
Nemi á náttúrufræðibraut í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

**Hvað fílar þú helst við þetta lúkk?**
Ég hef alltaf verið mjög hrifin af þverröndóttu í öllum litum. Þetta er þægilegur hversdagskjóll og sætir sumarskór.

**Hvað er móðins um þessar mundir?** Herralegir stelpuskór, þröngir og stuttir síðermakjólar, samfestingar og þröngar stuttbuxur.

**Nauðsynlegur fylgihlutur?**
Stórir eyrnalokkar!

**Hvaða flík keyptir þú síðast?**
Ljósbleikan leðurjakka á Spáni.

**Uppáhaldsmerki?** Ég hef mest gaman af því að versla í litlum búðum erlendis, Topshop og Urban Outfitters.

**Hverju myndir þú aldrei klæðast?**
Denim á denim og push-up brjóstahaldara.

**Hljómsveit?** Ég er búin að hlusta mikið á Hjálma í allan vetur.

**Uppáhaldsbarnaefni?** Dóra landkönnuður, af augljósum ástæðum.

**Snyrtivara?** Litríkir varalitir.

**Uppáhaldsflík?** Upphátt pils sem var saumað á mig í Amsterdam og ljósbleik kasmírpeysa frá ömmu.

**Hvað ætlar þú að gera í sumar?**
Ferðast mikið innanlands, skemmta mér með vinum og njóta lífsins.



**BIG & CURVY AUGNHÁRALITUR**
„Trefjabursti aðskilur augnhárin, lengir þau og sveigir.“
2.190 kr.
*Body Shop*

**SPARKZ HLÝRALAUS TOPPUR**
„Sætur einn og sér eða sem undirtoppur.“
2.990 kr.
*Deres*

**SPARKZ GALLASKYRTA**
„Gallaskyrtur eru komnar til að vera.“
11.990 kr.
*Deres*

**RÖNDÓTTUR SPARKZ-HLÝRABOLUR**
„Allar á Austurvöll í þessum hlýrabol.“
4.990 kr.
*Deres*





**CARBON BLACK-AUGNBLÝANTUR**
„Mjúkur blýantur og svamppensill á hinum endanum..“
1.590 kr.
*Body Shop*

**AUGNSKUGGI**
„Klassískur fyrir „smokey“ förðun.“
1.380 kr.
*Body Shop*



**BLENDER-AUGNSKUGGA-BURSTI**
„Mjúk nælonhár sem duga mjög lengi.“
1.390 kr.
*Body Shop*

**DIESEL-LEGGINGS**
„Mynstraðar leggings eru heitar.“
6.990 kr.
*Deres*



**DIESEL-KLÚTUR**
„Þetta aukalega til að fullkomna lúkkið.“
7.990 kr.
*Deres*

**PLUS-SKÓR**
„Fullkomnir sumar-sneakers. Líka til sætir í hvítu.“
3.990 kr.
*Deres*

Myndir/Ernir

EUROVISION



EURO-HAUKUR ER DÓSENT Í EUROVISION

# Raunir aðdáenda

5 vikur í Eurovision

Eurovision-nördar verða ekki til á einni nóttu. Eins og með önnur blæti byrja þessar kenndir að þróast innra með mönnum eitthvað í kringum kynþroskaaldurinn. Jafnvel fyrr. Allir Eurovision-nördar eiga sér þann draum að upplifa keppnina í eigin persónu og heittrúaðasti armurinn leggur í pílagrímsferð allavega einu sinni á lífsleiðinni.

Þessi hópur hefur stækkað með keppninni og nú er svo komið að eftirspurn eftir miðum á keppnina er margfalt meiri en framboðið. Miðasalan fyrir Eurovision í Osló hófst þann 8. febrúar en þá þegar höfðu óðir aðdáendur löngu bókað upp öll hótel borgarinnar. Margir þeirra urðu þó fyrir vonbrigðum þar sem miðar á lokakvöldið, hátt í tuttugu þúsund stykki, seldust upp á einungis 20 mínútum. Verður það að teljast nokkuð gott, ekki síst þar sem miðarnir eru síður en svo gefins. Verðið var á bilinu 17 til 34 þúsund krónur.



Miðarnir eru líka vinsæll varningur til endursölu á Netinu en þar má finna miða frá 43 þúsund krónum og allt upp í 232 þúsund krónur fyrir allra bestu sætin - sem gæti hentað vel fyrir sturlaða eða þá sem vita að þeir munu deyja í júní og eiga enga erfingja.

Útlit er fyrir að metfjöldi Íslendinga verði á keppninni í ár og hafa margir einmitt valið að fara þessa ódýrari leið til að vega upp á móti þeim mikla kostnaði sem fylgir því að vera í Noregi. Þá er það ekki síst hluti af upplifuninni að vera í borginni á meðan á herlegheitunum stendur enda nóg að gerast. Þeir sem búa svo vel að vera með blaðamannapassa eða sérstakan aðdáendapassa býðst svo að fara á Euroclub sem er opinber skemmtistaður keppninnar og flyst með henni á milli ára og þangað mæta keppendur og skemmta sér með heitustu aðdáendunum. Að djamma þar er því eins og að komast í eftirpartý með Andrési Önd og Mikka Mús í Disneylandi.



Það er ljóst að langt leiddir, eins og undirritaður, munu því ekki eyða tíma í að þvælast á söfn eða í útsýnisferðir. Ekki frekar en múslimar sem fara til Mekka eyða tíma í að hanga á sundlaugabörum, eins og einn sannur aðdáandi orðaði það.

haukurjohnson@monitor.is



# **Tyggðu** fram bros




Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær.
**Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

WRIGLEY'S
Extra®

**Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...**

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

# *Grín verður að vera* **dramatískt**

**Steinþór Hróar Steinþórsson**, *betur þekktur sem* **Steindi Jr.**, *byrjar með nýjan sjónvarpsþátt um helgina sem á að vera það fyndnasta síðan Fóstbræður drápu landann úr hlátri. „Þetta er það sem ég elska að gera," segir Steindi.*

**Eftir Björn Braga Arnarsson**
**Myndir: Ernir Eyjólfsson**

**Þátturinn byrjar um helgina. Þú ert búinn að vera að taka upp í meira en hálft ár. Er fólk að fara að hlæja að þessu?**

Já. Þetta er trylltur þáttur þannig að ég hef engar áhyggjur af því að fólk muni ekki hlæja. En þetta mun skiptast í tvo hópa. Það er fólk sem mun fíla þetta mjög mikið og svo verður fólk sem veit ekki hvar það hefur þetta og mun ekki alveg skilja húmorinn. Það er alltaf svoleiðis þegar nýtt fólk kemur inn. Það hefur ekki verið almennilegur sketsaþáttur síðan Fóstbræður voru og hétu. Við ætlum svolítið að reyna að færa þetta á næsta level.

**Það má segja að Fóstbræður hafi lagt ákveðna línu sem aðrir hafa fylgt síðan. Ert þú að fara að koma með eitthvað nýtt?**

Fóstbræður eru auðvitað klassískt efni, en við ætlum að reyna að taka svipað skref sem þeir tóku á sínum tíma. Það vantar eitthvað nýtt í dag. Við búumst alveg við því að heyra reiðar raddir. En að mínu mati er þetta ekkert gróft. Þetta er ekki klámfengið eða fyrir neðan beltisstað, enda finnst mér klámfenginn húmor bara lélegur.

> *Hróar er mjög sérstakt nafn. Foreldrar mínir settu fimm miða í glas og drógu.*

**Þú hefur verið að gera grínsketsa frekar lengi, ekki satt?**

Þetta byrjaði árið 1999 þegar ég gerði bíómynd í fullri lengd sem hét Gorturinn. Þetta var mynd um apa og konu sem hét Unnur og var sjómaður. Það var skelfileg mynd. Okkur fannst þetta geðveikt þá, en þetta var mjög vont.

**Svo fórstu að gera sketsa.**

Já, ég á örugglega einhverja 10 klukkutíma af sketsum og stuttmyndum. Við vorum alltaf að gera stuttmyndir og sketsa. Við tókum upp hverja einustu helgi. Vinahópurinn var með bloggsíðu og þar settum við inn myndbönd. Svo var eitthvað ókunnugt lið farið að skoða þetta þannig að við héldum bara áfram. Þannig byrjaði þetta eiginlega.

**Má segja að þetta hafi orðið að alvöru þegar þú fórst að gera sketsa fyrir Monitor í fyrra?**

Já, Monitor hafði samband við mig og bað mig um að gera sketsa vikulega. Við gerðum það og það var bara mjög skemmtilegt. Í kjölfarið var svo gerður sjónvarpsþáttur þar sem ég var með sketsa. En það var alltaf ætlunin hjá mér og Bent, sem tók upp og klippti Monitor-þáttinn, að gera sketsaþætti. Ég hugsaði um Monitor-þáttinn sem stað til þess að sanna mig því ég vildi alltaf gera minn eigin þátt.

**Þér var boðið fyrst að fara inn í þáttinn hjá Audda og Sveppa. Af hverju ákvaðstu að taka því ekki?**

Það var samt allt á byrjunarstigi. Ég og Bent fórum á fund með þeim og það var bara verið að skoða möguleikana á því að við myndum detta inn í þeirra þátt, annað hvort með sketsa eða með einhverju öðru móti. Mér finnst þeir skemmtilegir og þeir eru fínir kunningjar mínir. En við vildum frekar gera eigin þátt og ég sé ekkert eftir því í dag. Við eigum samt vonandi eftir að vinna með þeim á öðrum vígstöðvum í framtíðinni.

**Þú samdir upphaflega við Skjá einn en fórst svo yfir á Stöð 2. Hvernig kom það til?**

Við ræddum við Skjá einn eftir Monitor-þáttinn um að gera þætti fyrir þá. Við fórum bara á fund þar sem þetta var ákveðið og byrjuðum svo að skrifa og taka upp. Sá þáttur átti að byrja í janúar. Svo fáum við að heyra, á sama tíma og allir aðrir, að Skjár einn sé að verða áskriftarstöð. Við vorum ekki alveg að fíla það. Við vissum af áhuga hjá Stöð 2 og færðum okkur í rauninni bara yfir. Það var allt á byrjunarstigi á Skjá einum og þetta var ekki komið í neitt ferli, þannig að það var enginn skaði skeður.

**Það er hellingur af frægu fólki að leika í sketsunum. Hvað erum við að tala um?**

Jóhanna Guðrún verður í hverjum þætti, hún leikur sjálfa sig. Ég leik náunga sem heitir Níels og er að ofsækja hana í svona framhaldssögu. Erpur Eyvindarson leikur Pólverja með mér í næstum öllum þáttunum. Svo eru Auddi og Sveppi, Gillz, Ólafur Darri, Haffi Haff, Helgi Seljan og Sindri úr Íslandi í dag leikur sjálfan sig. Það er fullt af liði með okkur í þáttunum. En við erum ekkert að troða inn frægu fólki samt. Við notum það í rauninni bara þegar það hentar. Við tölum við þann sem við höldum að henti best, hvort sem hann er þekktur eða ekki.

**Með hverjum var skemmtilegast að vinna?**

Ætli maður verði ekki að segja Þorsteinn Guðmundsson. Hann hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi og það var gaman að djóka með honum. En það var gaman að vinna með öllu þessu fólki.

**Er eitthvað hægt að skilgreina þitt grín?**

Það er mjög dramatískt. Serían er öll mjög dramatísk og jafnvel sorgleg líka. Mér finnst grín verða að vera dramatískt. Það geta ekki bara verið tveir hálfvitar að djóka á móti hvor öðrum.

**Hvaðan kemur nafnið Steindi Jr.?**

Upprunalega kemur þetta frá afa mínum. Ég er skírður í höfuðið á honum og hann kallaði mig þetta alltaf. Svo kom að því, þegar maður var að gera stuttmyndirnar í gamla daga, að maður vildi hafa eitthvað listamannsnafn. Þá datt mér þetta í hug. En maður ræður því yfirleitt ekki hvaða nöfnum maður er kallaður. Þetta er yfirleitt eitthvað sem festist á manni bara.

**Hefðir þú ekki meikað það sem háðfuglinn Steinþór Hróar?**

Jú jú. Einn daginn mun ég gera það.

**Hvaðan kemur Hróar?**

Já, Hróar er mjög sérstakt nafn. Foreldrar mínir settu fimm miða í glas og drógu. Þetta voru Arnar, Arnór, Örvar og eitthvað eitt í viðbót. Svo var bara dregið. Klikkað lið maður.

**Hvað með kvenhylli?**

Ég er náttúrulega í sambandi þannig að ég er bara mjög rólegur. Ég er búinn að vera með stelpu í tvö ár. Hún heitir Sigrún Sigurðardóttir og er að læra snyrtifræði.

**Hvað værir þú að gera ef sketsarnir hefðu floppað og þú værir ekki að gera þáttinn?**

Ég hef bara ekki hugmynd um það. Ég fór að læra fjölmiðlafræði, fyrst í Borgó og svo í FÁ, og fannst það alveg ógeðslega leiðinlegt. Ég hef eiginlega ekki áhuga á neinu öðru en því sem ég er að gera núna. Ég er akkúrat að gera það sem ég hef mestan áhuga á.

## Á 60 SEKÚNDUM

**Steinþór Hróar Steinþórsson**

09.12.84




**Besti sjónvarpsþáttur?** Curb Your Enthusiasm. Ég elska hann.

**Besta bíómynd?** Out For Justice með Steven Siegal.

**Besti tölvuleikur?** Mortal Kombat. Ég er rosalegur Mortal Kombat-maður. Ég spilaði þetta alltaf í Super Nintendo og þá var ekki hægt að fara á Netið og finna brögðin. Maður þurfti að finna allt sjálfur.



**Besti tónlistarmaður?** Bjartmar Guðlaugsson. Ég elska tónlistina og textana hans og bara hann yfir höfuð. Ég hef hitt hann nokkrum sinnum og þekki hann. Ég hef meira að segja tekið upp mína eigin útgáfu af Týndu kynslóðinni með honum.



**Besti skyndibiti?** KFC. Horfið bara á mig!

**Hvar heldur þú að þú værir að vinna?**

Ég veit það ekki. Ég tolli mjög illa í vinnu. Ég hef hætt í vinnu áður en ég mætti. Ég hætti líka einu sinni í vinnu klukkan 12 á hádegi fyrsta daginn. Það var í Móum í Mosfellsbæ þar sem ég átti að setja kjúklinga á færiband. Ég setti einhverja tvo saman að gamni mínu. Gæinn sem tók á móti þessu starði bara sorgmæddur í augun á mér og hristi hausinn og ég vissi að ég átti ekki heima þarna. Það var enginn að djóka. Ég var líka að mála í þrjú ár og fannst það reyndar mjög fínt. Ég er fínn málari. En svo fékk ég leið á því líka. Ætli ég sé ekki best geymdur þar sem ég fæ að skrifa og taka upp og svona.

**Hvað með framhaldið? Ætlar þú að halda áfram að gera sketsa eða á að færa út kvíarnar?**

Vonandi fáum við að gera aðra seríu því þetta er það sem ég elska að gera. Við erum búnir að taka upp meira en hundrað sketsa og erum langt frá því að vera orðnir saddir. Mér finnst ennþá mjög gaman að gera sketsa. Við erum raunar hálfnaðir með að skrifa aðra seríu og komumst ekki yfir allt sem við ætluðum að gera í þessari. En svo væri ég líka til í að skrifa leikna þætti og jafnvel leika í leikriti. Ég er til í þetta allt maður.




STEINDI JR.
viðtalið

# sjónvarp

## SJÓNVARP
### SEM ÞÚ VERÐUR AÐ SJÁ

**FIMMTUDAGUR 29. APRÍL**



### EVRÓPUDEILDIN
**Stöð 2 Sport**
**18:55** Bein útsending frá leik Liverpool og Atletico Madrid í Evrópudeildinni í knattspyrnu. Liverpool tapaði fyrri leiknum 1-0 og verður því að vinna ætli liðið sér að komast í úrslit.

### LAW AND ORDER
**Skjár einn**
**21:50** Fyrsti þáttur í sextándu þáttaröð þessa klassíska sakamálaþáttar. Í þessum þætti er ungri stúlku rænt. Mannræninginn finnst en neitar að gefa upp hvar hún er nema ef samið er um að hann fari ekki í fangelsi.

**FÖSTUDAGUR 30. APRÍL**



### ÍSLANDSMÓTIÐ Í HANDBOLTA
**Sjónvarpið**
**20:15** Bein útsending frá leik Vals og Hauka í úrslitum Íslandsmótsins í handknattleik. Þetta er fyrsti leikurinn í einvíginu og má búast við hörkuviðureign.

### STEINDINN OKKAR
**Stöð 2**
**20:50** Nýr sketsaþáttur með Steinda Jr. sem prýðir einmitt forsíðu Monitor. Steindi sló í gegn með sketsum í Monitor í fyrra og fékk fyrir vikið sinn eigin sjónvarpsþátt, sem verður að öllum líkindum drep-fyndinn.

### SATURDAY NIGHT LIVE
**Skjár einn**

**21:05** Klassískir grín-þættir. Að þessu sinni er Jude Law stjórnandi og hljómsveitin Pearl Jam spilar. Jerry Seinfeld og Julian Casablancas úr The Strokes mæta líka og taka þátt í grínatriðum.

**LAUGARDAGUR 1. MAÍ**



### FOOTLOOSE
**Sjónvarpið**
**20:35** Klassísk unglingamynd frá 1984. Kevin Bacon leikur borgarstrák sem flytur í lítið þorp þar sem bannað er að dansa og hlusta á rokktónlist, sem er það eina sem hann vill gera. Tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir tónlist.

### CONFESSIONS OF A SHOPAHOLIC
**Stöð 2**

**21:05**
Rómantísk gamanmynd um hina kaupóðu Rebeccu sem fær fyrir slysni vinnu sem blaðamaður og á að fjalla um hvernig best er að spara, sem er hægara sagt en gert. Með aðalhlutverk fer Isla Fisher.

### HNEFALEIKAR
**Stöð 2 Sport**

**01:00** Bein útsending frá hnefaleikabardaga Floyd Mayweather og Shane Mosley. Hér eru á ferðinni tveir fantagóðir boxarar og má búast við flottum bardaga.

**SUNNUDAGUR 2. MAÍ**

### LISTAHÁTÍÐ
**Sjónvarpið**

**19:35**
Kynningarþáttur fyrir Listahátíð í Reykjavík sem hefst 12. maí næstkomandi og stendur til 5. júní. Umsjónarmaður er gleðipinninn Felix Bergsson. Dagskrá hátíðarinnar í ár er sérlega fjölbreytt og glæsileg.












SJÓNVARPIÐ KL. 20:10
ÚRSLIT SKÓLAHREYSTI

ÁSGEIR ERLENDSSON ER NÆSTI JÓN ÁRSÆLL

Mynd/Ernir

# Ótrúlegt hvað þau leggja mikið á sig

**Úrslit Skólahreystis** *fara fram í Laugardalshöll um helgina. „Þetta verður sprengja," segir* **Ásgeir Erlendsson** *sem býst við að Íslandsmet muni falla.*

„Metnaðurinn sem krakkarnir leggja í þetta skilar þessum mikla áhuga. Þau byrja að æfa í september og árangurinn er eftir því," segir Ásgeir Erlendsson umsjónarmaður Skólahreystis. Úrslit þáttarins fara fram á föstudagskvöld og mæta 12 skólar til leiks. Búast má við mikilli spennu en Skólahreysti er orðinn einn af vinsælustu sjónvarpsþáttum landsins.

„Það tóku sex skólar þátt í fyrstu keppninni en núna eru þeir 120," segir hann og nefnir einnig meiri metnað í vinnslu og betri sýningartíma sem hafa breytt þættinum til hins betra. „Við vildum líka kynna betur krakkana sem taka þátt. Búa til smá stjörnur úr þeim, enda er alveg ótrúlegt hvað þau leggja mikið á sig," segir Ásgeir.

### Magnús Scheving gestastjórnandi

Ásgeir stýrir Skólahreysti ásamt Felix Bergssyni en þeim til halds og trausts í úrslitaþættinum verður Magnús Scheving. „Það er alveg frábært að fá Magga. Hann er með svo mikla hugsjón fyrir hreyfingu og hollu líferni barna. Það má kannski segja að Latibær sé fyrir yngri kynslóðina og svo tekur Skólahreysti við. Það eru sex til sjö ára börn að spyrja mig hvenær þau megi taka þátt í Skólahreysti og velta fyrir sér hvernig er best að æfa sig fyrir þetta," segir Ásgeir.

Hann segir starfsumhverfið gera það að verkum að hann er sjálfur farinn að hugsa sér til hreyfings. „Ég ætla að byrja í átaki 1. maí. Stefnan er að geta gert 20 upphífingar einhvern tímann á árinu."

**Skólarnir í úrslitum**

- Austurbæjarskóli
- Dalvíkurskóli
- Egilsstaðaskóli
- Giljaskóli
- Grunnskólinn á Hellu
- Grunnskólinn á Ísafirði
- Heiðarskóli
- Lágafellsskóli
- Lindaskóli
- Lækjarskóli
- Varmalandsskóli
- Ölduselsskóli

### Næsti Jón Ársæll?

Auk þess að sjá um Skólahreysti hefur Ásgeir verið stigavörður í Gettu betur, en hann segir fyrrnefnda starfið óneitanlega slá því síðarnefnda við. „Í Gettu betur þarf ég í rauninni bara að brosa og ýta á takka og er svona meira í bakgrunni. Í Skólahreysti er ég náttúrulega að stjórna þættinum og það er meira starf," segir Ásgeir, sem er auk þess nýbúinn að ljúka sínu fyrsta ári í sálfræði við Háskólann í Reykjavík.

Hann segir að hugurinn hneigist þó mest til starfa í fjölmiðlum. „Mér finnst mikilvægt að klára einhverja gráðu. Það er kannski svolítið áhættusamt að reiða bara á fjölmiðlaferil, en metnaðurinn og áhuginn liggur þar," segir Ásgeir. Sem sálfræðimenntaður sjónvarpsmaður er eðlilegt að spyrja hvort hann ætli sér að verða næsti Jón Ársæll. „Af hverju ekki? Jón Ársæll er frábær," segir Ásgeir.

# Karlarnir horfa ekkert síður

**Tískugúrúinn Karl Berndsen** *stjórnar þættinum Nýtt útlit*

„Við erum bara rétt að hita upp. Þátturinn er kominn til að vera," segir Karl Berndsen, umsjónarmaður þáttarins Nýtt útlit. Hann hefur fest sig í sessi sem tískuvitringur Íslands síðan þættirnir hófu göngu sína síðasta vetur.

Í nýju þáttaröðinni hefur sú breyting orðið á að hann fær eingöngu þekkt andlit í þáttinn og reynir að breyta stíl þeirra á sinn einstæða hátt. „Það hefur verið talsvert öðruvísi að vinna þessa þáttaröð. Ég kem að viðfangsefninu frá öðru sjónarhorni þar sem ég veit hver viðkomandi er og hef jafnvel myndað mér skoðun á honum áður en ég hitti hann. Í fyrstu þáttaröðinni hafði ég kannski meira frjálsræði," segir Karl.

**Tískuráð Kalla**

- Vertu sjálfstæður í hugsun
- Ekki fylgja endilega hópnum
- Myndaðu þér þínar eigin skoðanir
- Réttu úr bakinu
- Berðu höfuðið hátt
- Það skiptir ekki öllu máli í hverju þú ert ef þú kannt að bera þig vel

### Vinsældirnar komu á óvart

Karl segist hafa sérstaklega gaman af því hversu margir karlmenn horfa á þáttinn. „Þeir horfa ekkert síður en konurnar, þó svo að jafnvel bara helmingur þeirra viðurkenni það. En mig grunar að þeir horfi með konunum og spurningin er bara hvort þeirra hefur meiri áhuga," segir Karl og hlær.

Hann segir vinsældir þáttarins hafa komið á óvart. „Guð minn góður, móttökurnar hafa verið framar öllum mínum jarðnesku vonum, gjörsamlega ótrúlegar. Vindsældirnar komu mér gjörsamlega í opna skjöldu. Mér leið eins og það væri verið að leiða mig til hengingar," segir Karl og heldur áfram: „Þetta var auðvitað erfið fæðing að öllu leyti. Allt í einu var ég fyrir allra augum og allir höfðu skoðun á mér. Þó að ég sé með nægilega breitt bak til að bera það þá var ég engu að síður skyndilega orðinn svolítið berskjaldaður."



ÞRIÐJUDAGUR KL. 21:10
NÝTT ÚTLIT

KARL BERNDSEN ER GLÆPSAMLEGA FLOTTUR

Mynd/Golli

### Sigurjón eins og amish

Á dögunum fékk Karl til sín Sigurjón Kjartansson úr Tvíhöfða. „Sá þáttur var nú eiginlega bara skemmtiþáttur. Ég var búinn að lýsa því yfir að Sigurjón liti út eins og amish-maðurinn. Miðað við að hann er fimm árum yngri en ég fannst mér hann líta helst til ellilega út," segir Karl. Sigurjón stóð sig þó eins og hetja. „Ég sagði honum að ég myndi nú reyna að yngja hann aðeins upp og ég held að það hafi bara tekist ágætlega."

# Mogga klúbburinn

...BÝÐUR ÁSKRIFENDUM Á METRÓPÓLITAN ÓPERUNA



## AÐALHLUTVERK

| | |
|---|---|
| ARMIDA: | RENÉE FLEMING |
| RINALDO: | LAWRENCE BROWNLEE |
| GOFFREDO: | BRUCE FORD |
| GERNANDO: | JOSÉ MANUEL ZAPATA |
| CARLO: | BARRY BANKS |
| UBALDO: | KOBIE VAN RENSBURG |

# ARMIDA

## Í BEINNI ÚTSENDINGU

LAUGARDAGINN 1. MAÍ KL. 17.00

ENDURSÝND MIÐVIKUDAGINN 5. MAÍ KL. 18.00

SÍÐASTA SÝNING TÍMABILSINS - FORSALA OG KYNNING Á NÆSTA TÍMABILI Á STAÐNUM

**TIL AÐ TAKA ÞÁTT**

SENDU TÖLVUPÓST MEÐ NAFNI, OG KENNITÖLU ÁSKRIFANDA Á OPERA@SAMBIO.IS ÞEIR SEM VINNA FÁ SVO SENDAN TÖLVUPÓST EÐA SENDU SMS MEÐ NAFNI OG KENNITÖLU ÁSKRIFANDA Í NÚMERIÐ 6189905 Í BOÐI ER FJÖLDINN ALLUR AF MIÐUM Á ARMIDA FYRIR ÁSKRIFENDUR MORGUNBLAÐSINS

DREGIÐ VERÐUR ÚT FIMMTUDAGINN 29. APRÍL.

Mogga klúbburinn

MIÐASALA Á HTTP://MIDI.IS/BIO/10/1877/ OG Í MIÐASÖLUM SAMBÍÓANNA

The Metropolitan Opera HD LIVE

HIN FULLKOMNA SVIÐSUPPSETNING

The Met: Live in HD

Á HVÍTA TJALDINU Í SAMBÍÓUNUM

WWW.OPERUBIO.IS

SAMBÍÓIN

nánari upplýsingar ásamt sýnishornum úr stykkjunum má finna á www.operubio.is og á www.metoperafamily.org

**fílófaxið**

# fimmtudagur

**29 apríl**



## INGÓ Á OLIVER
**Oliver**
**22:00**

# Íslensku partílögin *slá í gegn*

„Þetta er svona útilegustemning,“ segir Ingólfur Þórarinsson, betur þekktur sem Ingó úr hljómsveitinni Veðurguðirnir. Hann hefur spilað sem trúbador á skemmtistaðnum Oliver næstum hvert einasta fimmtudagskvöld í bráðum ár og er þekktur fyrir að ná upp frábærri stemningu.

„Ég tek aðallega íslensk partílög. Þjóðhátíðarlögin, Sálina, Skímó og þess háttar. Gestalistinn er líka alltaf á sínum stað. Svo er fólk bara duglegt að koma með óskalög,“ segir Ingó og bætir við: „Ég er ekkert að reyna að finna upp hjólið í hvert skipti. Fólk veit hvað það fær að heyra,“ segir Ingó.

Hann er ekki bara á fullu í tónlistinni heldur spilar hann knattspyrnu með Pepsi-deildarliði Selfoss. Boltinn gerir það að verkum að Veðurguðirnir munu spila ögn minna en áður á meðan tímabilið stendur yfir. „Þau eru svolítið erfið þessi næturgigg út af boltanum, en Veðurguðirnir rúlla áfram. Við verðum á Þjóðhátíð í Eyjum og fleiri hátíðum í sumar. Svo er ætlunin að gefa út fleiri lög í sumar.“

## FYRIRLESTUR UM KYNFERÐISOFBELDI
**Oddi, stofa 101**
**12:15** Anna Pála Sverrisdóttir, lögfræðingur, heldur fyrirlestur um kynferðisofbeldi friðargæsluliða gagnvart konum og börnum sem þeim er ætlað að vernda. Fyrirlesturinn ber yfirskriftina „Drekkt af sundlaugarverðinum – kynferðisofbeldi af hálfu friðargæsluliða“. Fyrirlesturinn er opinn öllum.

## OPNUNARHÁTÍÐ LISTAR ÁN LANDAMÆRA
**Ráðhúsið í Reykjavík**
**17:00** Opnunarhátíð Listar án landamæra og samsýning í Ráðhúsi Reykjavíkur. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra setur hátíðina og flytur opnunarávarp og fjölmargir listamenn koma fram. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir, eins og á alla viðburði Listar án landamæra.

## RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ – MEISTARI MARTIN
**Háskólabíó**
**19:30** Í rauðu röðinni eru stór hljómsveitarverk frá 19. og 20. öld í forgrunni. Á þessu starfsári eru tvær megináherslur: Píanókonsertar Chopins og rússnesk tónlist af ýmsum toga. Auk þess eru í rauðu röðinni sinfónísk meistaraverk eftir Beethoven, Bruckner og Brahms túlkuð af hljómsveitarstjórum í fremstu röð. Aðgangseyrir 3.300 og 3.700 krónur.

## GRÆNJAXLAR
**Leikfélag Akureyrar, Rýmið**
**20:00** Árlega setur Leikfélag Menntaskólans á Akureyri upp metnaðarfulla sýningu og að þessu sinni urðu Grænjaxlar fyrir valinu. Grænjaxlar er íslenskur söngleikur eftir Pétur Gunnarsson frá árinu 1977, en verkið hefur verið lítillega staðfært af leikstjóranum Bryndísi Ásmundsdóttur og leikhóp. Miðaverð 2.000 krónur.

## STRÆTI
**Nemendaleikhús LHÍ, Smiðjan**
**20:00** Lokaverkefni Nemendaleikhússins í ár er leikritið Stræti eftir Jim Cartwright í þýðingu Árna Ibsen. Úskriftarárgangurinn hefur vakið mikla athygli fyrir fyrri sýningar sínar í vetur, Eftirlitsmanninn og Bráðum hata ég þig. Stræti var fyrst sýnt fyrir rúmum tveimur áratugum og hefur síðan verið sýnt við góðar undirtektir í leikhúsum víða um heim. Miðaverð 1.500 krónur.

## KORUS – DANSSMÍÐAKEPPNI
**Loftkastalinn**
**20:00** Félag íslenskra listdansara fagnar degi dansins í ár með nýjum og spennandi dansviðburði. Um er að ræða hópdanskeppni með frjálsri aðferð þar sem meðlimir hópsins spreyta sig með frumsömdum dansi. Þetta er nýr vettvangur fyrir upprennandi dansara en keppt er í tveimur aldursflokkum, 13-15 ára og 16 ára og eldri. Aðgangseyrir 2.000 krónur.

## HÆNUUNGARNIR
**Þjóðleikhúsið, Kassinn**
**20:00** Hænuungarnir er annað leikrit Braga Ólafssonar fyrir leiksvið. Leikritið fjallar um djassáhugamanninn Sigurhans sem er leikinn af Eggerti Þorleifssyni. Sigurhans lendir í því að nokkrum kjúklingum á tilboðsverði er stolið úr frystikistunni hans og ætlar hann sér að komast til botns í málinu. Miðaverð 3.400 krónur.

## GAURAGANGUR
**Borgarleikhúsið, Stóra sviðið B**
**20:00** Ormur Óðinsson og félagar eru mættir aftur á fjalirnar í þessu ástsæla verki Ólafs Hauks Símonarsonar. Aðalhlutverkið er í höndum Guðjóns Davíðs Karlssonar en tónlistin í verkinu var sérsamin af hljómsveitinni Ný dönsk. Miðaverð 3.950 krónur.

## DÚFURNAR
**Borgarleikhúsið, Nýja sviðið B**
**20:00** Forstjórinn Róbert hverfur eftir jólaboð fyrirtækisins. Í kjölfarið sest vænisjúka taugahrúgan Holgeir í forstjórastólinn, þótt honum sé það þvert um geð. Meinfyndið leikrit eftir David Gieselmann sem ætti að höfða til þeirra sem hafa gaman af sjónvarpsþáttum á borð við Klovn og The Office. Miðaverð 3.450 krónur.

## TVEIR FÁTÆKIR PÓLSKUMÆLANDI RÚMENAR
**Norðurpóllinn**
**21:00** Tveir fátækir pólskumælandi Rúmenar ferðast á puttanum um pólska sveit og skilja eftir sig sviðna jörð hvert sem þeir fara. Verkið er eftir Dorota Maslowska, einn fremsta unga rithöfund Póllands í dag, en leikstjóri er Heiðar Sumarliðason. Sýningin er ekki við hæfi barna. Miðaverð 2.100 krónur.

## KVARTETTINN ÞEL
**Jazzkjallarinn á Café Cultura**
**21:00** Kvartettinn Þel rekur minni gamals tíma er þeir leika nýjar útsetningar af íslenskum vísum úr Vísnabókinni og önnur þjóðlög sem sungin hafa verið fyrir börn á Íslandi fyrir svefninn. Hljómsveitarstjórn er í höndum trommuleikarans Kára Árnasonar, en auk hans leika Andrés Þór Gunnlaugsson, Agnar Már Magnússon og Þorgrímur Jónsson. Aðgangseyrir 1.500 krónur.

## TRÚBATRIXUR
**Kaffi Rósenberg**
**21:00** Trúbatrixurnar Halla Norðfjörð, Elín Ey, Nanna og Myrra Rós spila fyrir gesti. Þær eru að hita sig upp fyrir tónleikaferð til Brighton á Englandi sem þær halda í um miðjan maí. Auk þeirra koma fram Sigga Eyþórs, Johnny Stronghands, Toggi og Helgi Valur. Aðgangseyrir 1.000 krónur.

## HIPPHOPP-SULTA
**Prikið**
**21:00** Diddi Fel og MC Gauti rífa þakið af húsinu með eldheitu hipphoppi. Frítt inn.

## WOODPIGEON-TÓNLEIKAR
**Sódóma Reykjavík**
**21:30** Kanadíska hljómsveitin Woodpigeon er af mörgum talin ein af vonarstjörnum kanadísku tónlistarbylgjunnar og hefur verið líkt við Sufjan Stevens, Grizzly Bear og Fleet Foxes. Sveitin er á leið á víðtækt tónleikaferðalag um Evrópu og er Ísland fyrsti viðkomustaður. Ásamt Woodpigeon koma fram íslensku hljómsveitirnar Pascal Pinon, Útidúr og Mukkaló. Aðgangseyrir 1.000 krónur.



## DÚNDURFRÉTTIR
**NASA**
**22:00** Hljómsveitin Dúndurfréttir fagnar 15 ára afmæli á þessu ári og ætlar af því tilefni að halda þónokkra tónleika víðs vegar um landið. Á NASA ætlar sveitin að taka nokkur af betri lögum gullaldarára rokksins og munu slagarar með sveitum á borð við Led Zeppelin, Deep Purple og Uriah Heep dynja á eyrum gesta. Aðgangseyrir 2.500 krónur.

## ÖÐRUVÍSI LIGHTS ON THE HIGHWAY
**Dillon**
**22:00** Lights on the Highway ætla að halda öðruvísi órafmagnaða tónleika á Dillon. Sveitin er á leiðinni til London í næstu viku og spilar þar á nokkrum tónleikum, bæði rafmögnuðum og órafmögnuðum. Eru þessir tónleikar liður í upphitun fyrir reisuna. Aðgangseyrir er 500 krónur.

## BÖDDI OG DAVÍÐ SPILA
**Hressingarskálinn**
**22:00** Böddi og Davíð leika fyrir gesti í góðri trúbadorastemningu. Frítt inn.

## SJONNI BRINK OG VIGNIR
**B5**
**22:00** Sjonni Brink og Vignir Snær halda uppi trúbadorastemningu fyrir gesti framyfir miðnætti.

## TRÚBADORASTEMNING
**English Pub**
**22:00** Trúbadorarstemning með Sigga og Davíð. Boltinn í beinni fyrr um kvöldið. Frítt inn.

# föstudagur

**30 apríl**

## DÚFURNAR
**Borgarleikhúsið, Nýja Sviðið B**
**19:00** Forstjórinn Róbert hverfur eftir jólaboð fyrirtækisins. Í kjölfarið sest vænisjúka taugahrúgan Holgeir í forstjórastólinn, þótt honum sé það þvert um geð. Meinfyndið leikrit eftir David Gieselmann sem ætti að höfða til þeirra sem hafa gaman af sjónvarpsþáttum á borð við Klovn og The Office. Miðaverð 3.450 krónur.

## HELLISBÚINN
**Íslenska óperan**
**19:00** Síðasta formlega sýning Hellisbúans er að baki en hér er um að ræða óformlega viðbótarsýningu og er kvöldið í kvöld allra síðasta tækifærti til að bera Hellisbúann augum. Með aðalhlutverk fer Jóhannes Haukur Jóhannesson en Rúnar Freyr Gíslason leikstýrir. Öllum seldum miðum fylgir ostborgaramáltíð á American Style. Miðaverð 2.900 krónur.

## ÍSLANDSKLUKKAN
**Þjóðleikhúsið, Stóra sviðið**
**19:00** Stórbrotið skáldverk um sjálfsmynd lítillar þjóðar og sjálfstæði í glænýrri leikgerð. Íslandsklukkan eftir Halldór Laxness er afmælissýning Þjóðleikhússins, en 60 ár eru liðin frá opnun þess þann 20. apríl árið 1950. Íslandsklukkan var einmitt ein af þremur opnunarsýningum leikhússins. Leikstjóri er Benedikt Erlingsson. Miðaverð 3.400 krónur.

## ÍSLANDSMÓTIÐ Í HANDBOLTA
**Ásvellir**
**20:00** Fyrsti leikurinn í úrslitaeinvígi Hauka og Vals um Íslandsmeistaratitilinn í handknattleik fer fram á heimavelli Hauka að Ásvöllum. Tvö frábær lið og má búast við svakalegri rimmu.

## GRÆNJAXLAR
Leikfélag **Akureyrar**, Rýmið
**20:00** Árlega setur Leikfélag Menntaskólans á Akureyri upp metnaðarfulla sýningu og að þessu sinni urðu Grænjaxlar fyrir valinu. Grænjaxlar eru íslenskur söngleikur eftir Pétur Gunnarsson frá árinu 1977, en verkið hefur verið lítillega staðfært af leikstjóranum Bryndísi Ásmundsdóttur og leikhóp. Miðaverð 2.000 krónur.

## STRÆTI
**Nemendaleikhús LHÍ, Smiðjan**
**20:00** Lokaverkefni Nemendaleikhússins í ár er leikritið Stræti eftir Jim Cartwright í þýðingu Árna Ibsen. Úskriftarárgangurinn hefur vakið mikla athygli fyrir fyrri sýningar sínar í vetur, Eftirlitsmanninn og Bráðum hata ég þig. Stræti var fyrst sýnt fyrir rúmum tveimur áratugum og hefur síðan verið sýnt við góðar undirtektir í leikhúsum víða um heim. Miðaverð 1.500 krónur.

## HÆNUUNGARNIR
**Þjóðleikhúsið, Kassinn**
**20:00** Hænuungarnir eru annað leikrit Braga Ólafssonar fyrir leiksvið. Leikritið fjallar um djassáhugamanninn Sigurhans sem leikinn af Eggerti Þorleifssyni. Sigurhans lendir í því að nokkrum kjúklingum á tilboðsverði er stolið úr frystikistunni hans og ætlar hann sér að komast til botns í málinu. Miðaverð 3.400 krónur.



## GAURAGANGUR
**Borgarleikhúsið, Stóra Sviðið B**
**20:00** Ormur Óðinsson og félagar eru mættir aftur á fjalirnar í þessu ástsæla verki Ólafs Hauks Símonarsonar. Aðalhlutverkið er í höndum Guðjóns Davíðs Karlssonar en tónlistin í verkinu var sérsamin af hljómsveitinni Ný dönsk. Miðaverð 3.950 krónur.

## EILÍF ÓHAMINGJA
**Norðurpóllinn**
**20:00** Eilíf óhamingja er íslenskt samtímaverk eftir Andra Snæ Magnason og Þorleif Arnarsson. Það er skylda leikhússins að kryfja og rannsaka og það er það sem Andri og Þorleifur hafa gert síðasta árið. Þeir ræddu við fleiri en þúsund Íslendinga og eftir standa fimm persónur sem lifna við á sviðinu. Miðaverð 3.450 krónur.



## GLERLAUFIN
**Norðurpóllinn**
**20:00** Glerlaufin er breskt nútímaleikrit eftir Philip Ridley. Verkið fjallar um tvo ólíka bræður, Steven og Barry. Steven fetar beinu brautina og á hið fullkomna heimili, en Barry er drykkfelldur og svarti sauður fjölskyldunnar. Leikstjóri er Bjartmar Þórðarson og tónlist er í höndum Védísar Hervarar. Miðaverð 2.500 krónur.

## SÖNGDEILD FÍH FLYTUR LIFUN
**Hátíðarsalur FÍH, Rauðagerði 27**
**20:00** Söngdeild Tónlistarskóla FÍH flytur verkið Lifun eftir Trúbrot. Hópurinn samanstendur af sjö söngvurum og sjö manna rokkhljómsveit sem hefur æft undir stjórn Ásgeirs Ásgeirssonar og Kristjönu Stefánsdóttur.



## PRIKPARTÍ
**Prikið**
**21:00** Vínflaskan á 7.500 krónur og bland með á borðið. Franz og Jenni spila klukkan 22 og er þemað hljómsveitin Deftones. Þegar líður á kvöldið stígur Addi Intro á svið og þeytir skífum fram eftir nóttu. Frítt inn.



## DÚFURNAR
**Borgarleikhúsið, Nýja Sviðið B**
**22:00** Forstjórinn Róbert hverfur eftir jólaboð fyrirtækisins. Í kjölfarið sest vænisjúka taugahrúgan Holgeir í forstjórastólinn, þótt honum sé það þvert um geð. Meinfyndið leikrit eftir David Gieselmann sem ætti að höfða til þeirra sem hafa gaman af sjónvarpsþáttum á borð við Klovn og The Office. Miðaverð 3.450 krónur.

## HELLISBÚINN
**Íslenska óperan**
**22:00** Síðasta formlega sýning Hellisbúans er að baki en hér er um að ræða óformlega viðbótarsýningu og er kvöldið í kvöld allra síðasta tækifærti til að bera Hellisbúann augum. Með aðalhlutverk fer Jóhannes Haukur Jóhannesson en Rúnar Freyr Gíslason leikstýrir. Öllum seldum miðum fylgir ostborgaramáltíð á American Style. Miðaverð 2.900 krónur.

## BALKAN-TÓNLEIKAR
**Kaffi Rósenberg**
**22:00** Varsjárbandalagið leikur Balkantónlist. Sveitin er ekki bara fjörug heldur stórfurðuleg og ætti að koma öllum gestum í gott skap. Aðgangseyrir 1.000 krónur.

## SKÓSÓLARNIR OG DJ FANNAR
**Hressingarskálinn**
**22:00** Hljómsveitin Skósólarnir leikur fyrir gesti til klukkan 1. Þá tekur við plötusnúðurinn DJ Fannar og tryllir lýðinn fram á rauða nótt. Frítt inn.

## TRÚBADORASTEMNING
**English Pub**
**23:30** Trúbadorarstemning með Ragga og Þór Óskari. Boltinn í beinni fyrr um daginn. Frítt inn.



## APRÍLLOKAPÖNK
**Sódóma Reykjavík**
**0:00** Pönksveitirnar Fræbbblarnir og Q4U leika fyrir dansi á Sódómu. Q4U hefur ekki komið opinberlega fram síðan árið 1997 og aðdáendur sveitarinnar munu væntanlega ekki láta þetta tækifæri framhjá sér fara. Aðgangseyrir 1.000 krónur.

1 maí

# laugardagur

## TÓNLEIKAR MEÐ JEFF WHO?
**Sódóma Reykjavík**
**22:00**

# Gott stuð *með gamla efninu*

„Þetta verða bara flottir tónleikar. Við ætlum að skemmta okkur og vonandi öðrum um leið," segir Bjarni Lárus Hall, söngvari hljómsveitarinnar Jeff Who? Sveitin treður upp á Sódóma Reykjavík á laugardagskvöld ásamt Bigga Bix, Ojba Rasta og Kakala. „Við ætlum bara að taka gamla efnið og halda uppi góðu stuði," segir Bjarni, sem vinnur hjá nýja símafyrirtækinu Alterna þegar hann er ekki að rokka.

Jeff Who? vinnur um þessar mundir að nýju efni, en Bjarni segir sveitina enn ekki farna að spila það opinberlega. Stefnan er þó tekin á plötuútgáfu á þessu ári, en síðasta plata Jeff Who? sem var samnefnd sveitinni kom út haustið 2008. „Við ætluðum að vera komnir með plötu fyrir sumarið en líklegast kemur hún ekki fyrr en í október eða nóvember. Stefnan er allavega sett á að hún komi út fyrir jól," segir Bjarni.



## FÍASÓL
**Þjóðleikhúsið, Kúlan**
**13:00** og 15:00 Átta ára gleðisprengjan Fíasól er drottning í sínu eigin, risastóra hugmyndaríki. En stundum fljúga hugmyndirnar svo hátt að hún missir þær út í vitleysu. Sprellfjörug sýning fyrir alla fjölskylduna byggð á vinsælum barnabókum eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Leikstjóri er Vigdís Jakobsdóttir. Miðaverð 1.500 krónur.

## SÝNING LISTDANSSKÓLA HAFNARFJARÐAR
Borgarleikhúsið, Stóra sviðið B
**14:00** og 16:00. Miðaverð 1.800 krónur.



## ÍSAFOLDARKVARTETTINN
**Salurinn**
**17:00** Lög unga fólksins í Tíbrá: Ísafoldarkvartettinn. Strengjakvartettar eftir Joseph Haydn, Maurice Ravel og Johannes Brahms. Miðaverð 2.500 krónur.

## SÖNGDEILD FÍH FLYTUR LIFUN
**Hátíðarsalur FÍH, Rauðagerði 27**
**17:00** Söngdeild Tónlistarskóla FÍH flytur verkið Lifun eftir Trúbrot. Hópurinn samanstendur af sjö söngvurum og sjö manna rokkhljómsveit sem hefur æft undir stjórn Ásgeirs Ásgeirssonar og Kristjönu Stefánsdóttur.



## ÍSLANDSKLUKKAN
**Þjóðleikhúsið, Stóra sviðið**
**19:00** Stórbrotið skáldverk um sjálfsmynd lítillar þjóðar og sjálfstæði í glænýrri leikgerð. Íslandsklukkan eftir Halldór Laxness er afmælissýning Þjóðleikhússins, en 60 ár eru liðin frá opnun þess þann 20. apríl árið 1950. Íslandsklukkan var einmitt ein af þremur opnunarsýningum leikhússins. Leikstjóri er Benedikt Erlingsson. Miðaverð 3.400 krónur.

## VILLIDÝR / PÓLITÍK
**Borgarleikhúsið, Litli Salur**
**19:00** Radíusbræðurnir Davíð Þór Jónsson og Steinn Ármann Magnússon leiða saman hesta sína á ný í íslenskri útgáfu frægrar uppistandssýningar Ricky Gervais. Fyrir hlé er það Pólitík með Davíð Þór og eftir hlé mætir Steinn Ármann með Villidýr. Leikstjóri er Gunnar B. Guðmundsson sem leikstýrði síðasta Áramótaskaupi og kvikmyndinni Astrópíu. Miðaverð 3.450 krónur.



## GRÆNJAXLAR
**Leikfélag Akureyrar, Rýmið**
**20:00** Árlega setur Leikfélag Menntaskólans á Akureyri upp metnaðarfulla sýningu og að þessu sinni urðu Grænjaxlar fyrir valinu. Grænjaxlar eru íslenskur söngleikur eftir Pétur Gunnarsson frá árinu 1977, en verkið hefur verið lítillega staðfært af leikstjóranum Bryndísi Ásmundsdóttur og leikhóp. Miðaverð 2.000 krónur.

## STRÆTI
**Nemendaleikhús LHÍ, Smiðjan**
**20:00** Lokaverkefni Nemendaleikhússins í ár er leikritið Stræti eftir Jim Cartwright í þýðingu Árna Ibsen. Útskriftarárgangurinn hefur vakið mikla athygli fyrir fyrri sýningar sínar í vetur, Eftirlitsmanninn og Bráðum hata ég þig. Stræti var fyrst sýnt fyrir rúmum tveimur áratugum og hefur síðan verið sýnt við góðar undirtektir í leikhúsum víða um heim. Miðaverð 1.500 krónur.

## SÖNGDEILD FÍH FLYTUR LIFUN
**Hátíðarsalur FÍH, Rauðagerði 27**
**20:00** Söngdeild Tónlistarskóla FÍH flytur verkið Lifun eftir Trúbrot. Hópurinn samanstendur af sjö söngvurum og sjö manna rokkhljómsveit sem hefur æft undir stjórn Ásgeirs Ásgeirssonar og Kristjönu Stefánsdóttur.

## HÆNUUNGARNIR
**Þjóðleikhúsið, Kassinn**
**20:00** Hænuungarnir eru annað leikrit Braga Ólafssonar fyrir leiksvið. Leikritið fjallar um djasshugamanninn Sigurhans sem leikinn af Eggerti Þorleifssyni. Sigurhans lendir í því að nokkrum kjúklingum á tilboðsverði er stolið úr frystikistunni hans og ætlar hann sér að komast til botns í málinu. Miðaverð 3.400 krónur.



## VORGLEÐI Í GRAFARVOGI
**Íþróttamiðstöðin Grafarvogi**
**20:00** Vorfagnaður Grafarvogsbúa. Grillveisla, skemmtun og dansleikur með Ingó og Veðurguðunum fram á rauða nótt. Veislustjóri er Eggert Skúlason. Miðaverð er 2.000 krónur en 5.900 krónur fyrir þá sem vilja líka mæta í grillveislu.



## TÓNLEIKAR GILDRUNNAR
**Hlégarður**
**21:15** Í tilefni af 30 ára samstarfsafmæli heldur hljómsveitin Gildran tónleika í heimabæ sínum, Mosfellsbæ. Gildran er skipuð þeim Birgi Haraldssyni, Sigurgeiri Sigmundssyni, Þórhalli Árnasyni og Karli Tómassyni og er ein af magnaðari sveitum íslenskrar poppsögu. Aðgangseyrir 3.000 krónur.

## ROKK- OG BLÚSBALL
**Players í Kópavogi**
**22:00** Ball fyrir hjólafólk og skemmtanaþyrsta hjólaáhugamenn eftir hópkeyrsluna fyrr um daginn. Rokkblúsbandið Síðasti Séns leikur fyrir dansi og hefur DJ Mikkólf sér til halds og trausts. Aðgangseyrir 1.500 krónur. Rokk, ról og mótorhjól!

## STURLA OG DJ FANNAR
**Hressingarskálinn**
**22:00** Hljómsveitin Sturla leikur fyrir gesti til klukkan. Þá tekur plötusnúðurinn DJ Fannar við og tryllir lýðinn fram á rauða nótt. Frítt inn.

## BALKAN-TÓNLEIKAR
**Kaffi Rósenberg**
**22:00** Varsjárbandalagið leikur Balkantónlist. Sveitin er ekki bara fjörug heldur stórfurðuleg og ætti að koma öllum gestum í gott skap. Aðgangseyrir 1.000 krónur.

## LADIES NIGHT
**Óliver**
**23:00** Ladies Night til klukkan 1. Þrír fyrir einn á kokteilum og Brynjar Már verður plötusnúður. Frítt inn.



## DANSLEIKUR MEÐ PÖPUM
**NASA**
**23:00** Papar halda stórdansleik í tilefni af degi verkalýðsins á NASA við Austurvöll. Sveitin tekur að sjálfsögðu öll sín þekktustu lög og tryllir lýðinn langt fram eftir nóttu. Miðaverð 1.200 krónur.

## TRÚBADORASTEMNING
**English Pub**
**23:30** Trúbadorastemning með Magga og Hlyn. Boltinn í beinni fyrr um daginn. Frítt inn.

# sunnudagur

2 maí



## NEMENDASÝNING MYNDLISTASKÓLA MOSFELLSBÆJAR
**Hraunhús, Völuteigi 6**
**11:00** Síðasta tækifæri til að kíkja á nemendasýningu Myndlistaskóla Mosfellsbæjar. Sýningin var opnuð sumdardaginn fyrsta, en í ár fagnar skólinn 10 ára afmæli sínu. 47 nemendur úr fullorðinshópum skólans sýna verk sín í frumkvöðlasetrinu. Opið er frá kl. 11-17 nema á fimmtudögum þá er opið til kl. 22.

## FÍASÓL
**Þjóðleikhúsið, Kúlan**
**13:00** Átta ára gleðisprengjan Fíasól er drottning í sínu eigin, risastóra hugmyndaríki. En stundum fljúga hugmyndirnar svo hátt að hún missir þær út í vitleysu. Sprellfjörug sýning fyrir alla fjölskylduna byggð á vinsælum barnabókum eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Leikstjóri er Vigdís Jakobsdóttir. Miðaverð 1.500 krónur.



## ALGJÖR SVEPPI – DAGUR Í LÍFI STRÁKS
**Íslenska óperan**
**13:00** Sveppi fer með aðalhlutverkið í þessari skemmtilegu fjölskyldu og honum til halds og trausts er leikarinn Orri Huginn Ágústsson. Sýningin byggist á barnaplötu Gísla Rúnars, Algjör sveppur, frá árinu 1978. Leikstjóri er Felix Bergsson og tónlistarstjóri er Jón Ólafsson. Miðaverð 2.800 krónur.

## SKOPPA OG SKRÍTLA Á TÍMAFLAKKI
**Borgarleikhúsið, Litla svið**
**14:00** Í þessari nýjustu sýningu Skoppu og Skrítlu láta þær sér ekki nægja að ferðast um heiminn, heldur ferðast þær líka um í tíma og hitta fyrir fólk og fyrirbrigði sem eru ekki vanalega á rölti í miðbænum. Syngjandi glöð sýning fyrir alla fjölskylduna. Miðaverð 1.950 krónur.

## ÓLÍVER!
**Þjóðleikhúsið, Stóra sviðið**
**15:00** Einn vinsælasti söngleikur allra tíma, sem byggður er á sígildri skáldsögu Charles Dickens um munaðarlausa drenginn Ólíver Tvist. Auk nokkurra þekktra leikara tekur fjöldi barna þátt í þessari litríku og fjörugu sýningu. Leikstjóri er Selma Björnsdóttir. Miðaverð 4.100 krónur.



## FÍASÓL
**Þjóðleikhúsið, Kúlan**
**15:00** Átta ára gleðisprengjan Fíasól er drottning í sínu eigin, risastóra hugmyndaríki. En stundum fljúga hugmyndirnar svo hátt að hún missir þær út í vitleysu. Sprellfjörug sýning fyrir alla fjölskylduna byggð á vinsælum barnabókum eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Leikstjóri er Vigdís Jakobsdóttir. Miðaverð 1.500 krónur.

## ÍSLANDSMÓTIÐ Í HANDBOLTA
**Vodafone-höllin**
**16:00** Annar leikurinn í úrslitaeinvígi Hauka og Vals um Íslandsmeistaratitilinn í handknattleik fer fram á heimavelli Valsmanna í Vodafone-höllinni. Tvö frábær lið og má búast við svakalegri rimmu.



## HÆNUUNGARNIR
**Þjóðleikhúsið, Kassinn**
**20:00** Hænuungarnir eru annað leikrit Braga Ólafssonar fyrir leiksvið. Leikritið fjallar um djasshugamanninn Sigurhans sem leikinn af Eggerti Þorleifssyni. Sigurhans lendir í því að nokkrum kjúklingum á tilboðsverði er stolið úr frystikistunni hans og ætlar hann sér að komast til botns í málinu. Miðaverð 3.400 krónur.



## VILLIDÝR / PÓLITÍK
**Borgarleikhúsið, Litli Salur**
**20:00** Radíusbræðurnir Davíð Þór Jónsson og Steinn Ármann Magnússon leiða saman hesta sína á ný í íslenskri útgáfu frægrar uppistandssýningar Ricky Gervais. Fyrir hlé er það Pólitík með Davíð Þór og eftir hlé mætir Steinn Ármann með Villidýr. Leikstjóri er Gunnar B. Guðmundsson sem leikstýrði síðasta Áramótaskaupi og kvikmyndinni Astrópíu. Miðaverð 3.450 krónur.

## FAUST
**Borgarleikhúsið, Stóra Sviðið B**
**20:00** Það eru liðin fjórutíu ár síðan Faust fór síðast á leiksvið á Íslandi en nú gefst áhugasömum tækifæri til að berja sýninguna augum í Borgarleikhúsinu. Í þetta skipti er leikstjórn í höndum Gísla Arnar Garðarssonar en það er enginn annar en Nick Cave sem sér um tónlistina í sýningunni ásamt Warren Ellis.

# kvikmyndir

## FERILLINN



## Robert Downey Jr.

**Hæð:** 174 sentímetrar.
**Besta hlutverk:** Tony Stark í Iron Man. Frábær frammistaða í frábærri mynd, sem skaut honum almennilega upp á stjörnuhimininn að nýju.
**Skrýtin staðreynd:** Í báðum Iron Man-myndunum og Sherlock Holmes þurfti hann að vera með fyllingar í skónum til að virðast hærri.
**Eitruð tilvitnun:** „Mér hefur alltaf liðið eins og utanaðkomandi í þessum bransa. Örugglega af því að ég er svo klikkaður.“

**1965** Fæðist 4. apríl í New York.

**1985** Ráðinn inn í leikarateymið í Saturday Night Live, en er rekinn ári síðar.

**1987** Leikur ungan eiturlyfjafíkil í myndinni Less Than Zero og fær mikið lof fyrir frammistöðuna.

**1992** Leikur Chaplin í samnefndri kvikmynd. Hlýtur óskarstilnefningu fyrir frammistöðuna en tapar fyrir Al Pacino úr Scent of a Woman.



**1993** Kvænist fyrstu eiginkonu sinni, Deboruh Falconer, eftir að hafa verið með henni í 42 daga, og eignast með henni soninn Indio ári síðar. Þau slitu samvistum 2001.

**1996** Stöðvaður fyrir of hraðan akstur og finnast byssa, kókaín og heróín í bílnum hans. Hlýtur þriggja ára skilorðsbundinn dóm en ári síðar er hann dæmdur í hálfs árs fangelsi fyrir að rjúfa skilorðið.

**2001** Rekinn úr sjónvarps-þáttunum Ally McBeal eftir að hann er handtekinn aftur.

**2005** Kvænist núverandi eiginkonu sinni, kvikmynda-framleiðand-anum Susan Downey.



**2008** Leikur í Iron Man og Tropic Thunder, sem nutu báðar mikilla vinsælda. Robert Downey Jr. er endurfæddur.





TONY STARKS ÆTTI AÐ GETA TENGT SJÓNVARPIÐ HEIMA HJÁ SÉR

# Frumsýning helgarinnar

## Iron Man 2



**Leikstjóri:** Jon Favreau.
**Aðalhlutverk:** Robert Downey Jr., Scarlett Johansson, Sam Rockwell, Mickey Rourke, Samuel L. Jackson, Gwyneth Paltrow, Don Cheadle, Olivia Munn og Paul Bettany.
**Lengd:** 124 mínútur.
**Dómar:** Engir dómar komnir.
**Aldurstakmark:** 7 ára.
**Kvikmyndahús:** Sambíóin Álfabakka, Sambíóin Kringlunni, Sambíóin Keflavík, Sambíóin Selfossi, Sambíóin Akureyri, Laugarásbíó og Smárabíó.

Sjálfstætt framhald stórmyndarinnar Iron Man sem var ein vinsælasta kvikmynd ársins 2008. Nú vita allir að Tony Starks (Downey Jr.) er maðurinn á bak við Iron Man. Ríkisstjórnin, fjölmiðlar og almenningur eru æst í Starks og krafta hans, en það eru hin ýmsu illmenni líka. Þar er fremstur í flokki rússneski brjálæðingurinn Ivan Vanko (Rourke), einnig þekktur sem Whiplash, og þarf Iron Man að taka á honum stóra sínum gegn honum.

### LEIKSTJÓRINN JON FAVREAU

Leikstjóri Iron Man-myndanna er hinn 43 ára gamli Jon Favreau. Favreu kom sér fyrst á kortið þegar hann skrifaði handritið að og lék í kvikmyndinni Swingers árið 1996. Ári síðar tók hann að sér gestahlutverk í Friends-þáttunum, sem milljarðamæringurinn Pete Becker, og í kjölfarið lék hann í myndunum Very Bad Things og Deep Impact. Fyrsta myndin sem Favreau leikstýrði var Made árið 2001, en tveimur árum síðar leikstýrði hann Elf með Will Ferrell sem naut mikilla vinsælda. Með Iron Man myndunum hefur honum svo sannarlega tekist að sanna sig fyrir alvöru sem leikstjóri.



### VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa nokkrum heppnum lesendum miða á **Iron Man 2**. Það eina sem þú þarft að gera er að fara inn á Facebook-síðu Monitor og velja LIKE á kvikmyndaþráð vikunnar. Á mánudag drögum við svo út nokkra sigurvegara. Þú finnur okkur með því að slá inn „Tímaritið Monitor“ í leitarstrenginn.

# Hræódýrir gullkálfar

## **Tíu kvikmyndir** *sem framleiddar voru fyrir skít og kanil, en þénuðu fúlgur fjár í kvikmyndahúsum*

**The Blair Witch Project** (1999)
Hryllingsmynd sem látin er líta út eins og heimildarmynd. Segir frá þremur kvikmynda-gerðarmönnum, sem ætla sér að gera heimildarmynd um Blair-nornina, en fá það heldur betur í bakið.
**IMDB:** 6,2
**Kostaði:** $35 þ. (en endaði reyndar í rúmlega $500 eftir að hljóð- og myndgæði voru bætt til muna)
**Halaði inn:** $249 m. **Gróðahlutfall:** 7.114



**Deep Throat** (1972)
Ein fyrsta klámmynd sögunnar. Náði ótrúlegum vinsældum um allan heim.
**IMDB:** 5,2
**Kostaði:** $50 þ.
**Halaði inn:** $80 m. (sumir hafa haldið því fram að heildarhagnaður vegna myndarinnar nemi allt að $600 m.)
**Gróðahlutfall:** 1.600




**Open Water** (2004)
Sannsöguleg mynd um hjón sem gleymast lengst úti á hafi, eftir að hafa farið í köfunarferð, og þurfa að berjast gegn hákörlum í von um að halda lífi.




**IMDB:** 5,9
**Kostaði:** $130 þ. **Halaði inn:** $55 m.
**Gróðahlutfall:** 423

**Night of the Living Dead** (1968)
Epísk, svarthvít uppvakninga-mynd eftir meistarann George A. Romero.
**IMDB:** 8,0
**Kostaði:** $114 þ.
**Halaði inn:** 42 m. (sem umreiknast í um $700 m. á gengi dagsins í dag).
**Gróðahlutfall:** 368



**Rocky** (1976)
Fyrsta myndin um hnefaleikakappann Rocky Balboa, sem hlaut óskarsverðlaun sem besta mynd og gerði Sylvester Stallone að stórstjörnu.
**IMDB:** 8,0 **Kostaði:** $1,1 m.
**Halaði inn:** $225 m. **Gróðahlutfall:** 205




**American Graffiti** (1973)
Frábær gamanmynd eftir George Lucas um viðburðaríkt kvöld í lífi nokkurra táninga.
**IMDB:** 7,6
**Kostaði:** $775 þ.
**Halaði inn:** $118 m.
**Gróðahlutfall:** 153



**Napoleon Dynamite** (2004)
Jon Heder fer á kostum sem furðufuglinn Napoleon Dynamite í þessari gallsúru grínmynd, sem sló eftirminnilega í gegn.
**IMDB:** 6,9
**Kostaði:** $400 þ.
**Halaði inn:** $46 m.
**Gróðahlutfall:** 115



**Saw** (2004)
Hryllingsmynd um tvo menn sem vakna upp í ókunnu herbergi, hlekkjaðir við rör, og virðast ekki eiga aðra undankomuleið en að nota nærliggjandi sög til að saga sig lausa.
**IMDB:** 7,7
**Kostaði:** $1,2 m.
**Halaði inn:** $103 m. **Gróðahlutfall:** 86




**My Big Fat Greek Wedding** (2002)
Þessi rómantíska gamanmynd, sem skartar fremur óþekktu leikarateymi, er einn af óvæntari smellum síðari ára.
**IMDB:** 6,6
**Kostaði:** $5 m.
**Halaði inn:** $369 m.
**Gróðahlutfall:** 74



**The Full Monty** (1997)
Bresk gamanmynd um sex atvinnulausa menn sem setja á svið strippsýningu til að afla peninga.
**IMDB:** 7,3
**Kostaði:** $3,5 m.
**Halaði inn:** $258 m.
**Gróðahlutfall:** 74






Þess ber að geta að hér eru einungis teknar fyrir kvikmyndir í þekktari kantinum, en vera má að aðrar óþekktari myndir hafi hærra gróðahlutfall en einhverjar á þessum lista.

# GLEÐILEGT SUMAR

## Úrvalið af sportskóm er hjá okkur

### Reebok



| | Litir: | Stærðir: |
|---|---|---|
| REEJ11670 | Svart Grátt | 41 - 46 |
| REEJ10458 | Margir | 36 - 41 |
| REEJ12485 | Svart Brúnt | 41 - 46 |
| REEJ10453 | Margir | 36 - 41 |
| REEJ12036 | Svart Hvítt | 36 - 41 |
| REEJ14463 | Margir | 41 - 45,5 |



| | Litir: | Stærðir: |
|---|---|---|
| NIK325203-014 | Margir | 36 - 40,5 |
| NIK0317982181 | Margir | 41 - 46 |
| NIK317982100 | Margir | 41 - 46 |
| NIK317982006 | Margir | 41 - 46 |
| NIK317814-004 | Margir | 36 - 40,5 |
| NIK317814-003 | Margir | 36 - 40,5 |

### PUMA



| | Litir: | Stærðir: |
|---|---|---|
| PUM349411-03 | Svart | 36 - 41 |
| PUM350062-10 | Margir | 36 - 41 |
| PUM349434-03 | Svart Hvítt Blátt | 36 - 41 |
| PUM343122-06 | Svart Hvítt | 41 - 46 |
| PUM181649-04 | Svart Blátt | 41 - 46 |
| PUM349277-05 | Svart Hvítt | 41 - 46 |

### adidas



| | Litir: | Stærðir: |
|---|---|---|
| ADI19478 | Margir | 36 - $41^{1/3}$ |
| ADIG19483 | Margir | $41^{1/3}$ - $47^{1/3}$ |
| ADIG16267 | Margir | 36 - $41^{1/3}$ |
| ADIG12008 | Margir | $41^{1/3}$ - $47^{1/3}$ |
| ADI12187 | Bleikt Blátt | 36 - $41^{1/3}$ |
| ADI09836 | Svart Hvítt | $40^{2/3}$ - $47^{1/3}$ |

### ZOO YORK



| | Litir: | Stærðir: |
|---|---|---|
| SKO41609 | Svart Hvítt | 35 - 40 |
| SKO41627 | Svart Silfur | 35 - 40 |
| SKO42050 | Margir | 39 - 46 |
| SKO42149 | MArgir | 39 - 46 |
| SKO41627 | Svart Silfur | 35 - 40 |
| SKO41627 | Margir | 39 - 46 |

### hummel



| | Litir: | Stærðir: |
|---|---|---|
| HUM631113531 | Margir | 36 - 46 |
| HUM630679419 | Margir | 40 - 46 |
| HUM630699418 | Margir | 40 - 46 |
| HUM631162649 | Svart Grátt | 40 - 46 |
| HUM631116316 | Margir | 36 - 46 |
| HUM631119001 | Margir | 36 - 41 |

### DC



| | Litir: | Stærðir: |
|---|---|---|
| MOH302719 | Hvítt Svart | 36 - 41 |
| DC301120 | Svart Hvítt | 37 - 47 |
| MOH300685 | Hvítt Svart | 36 - 41 |
| MOH302725 | Svart | 39 - 47 |
| MOH302440 | Svart Hvítt | 38 - 47 |
| MOH300685 | Hvítt Svart | 36 - 41 |

# skór.is

K R I N G L A N ▪ S M Á R A L I N D



RingNet – ekki borga fyrir dauðan tíma.
DagNet
1 dagur
Innif. gagnam. 0,25 GB
Verð 490 kr.
VikuNet
7 dagar
Innif. gagnam. 1 GB
Verð 990 kr.
MánaðarNet
31 dagur
Innif. gagnam. 4 GB
Verð 1.990 kr.
Ring kynnir nýja netlyklaþjónustu, RingNet, þar sem ekki er borgað fyrir ónýttan nettíma. Með RingNeti greiðir þú fyrirfram fyrir þjónustuna eftir því hvernig þú notar hana hvort sem það er dagur, vika eða mánuður sem hentar. Þannig að RingNet er algjörlega málið ef þú ert skuldbindingafælin/n. RingNet nýtir 3G dreifikerfi Símans sem er stærsta 3G kerfið á Íslandi.
Stærsti vinahópur á Íslandi
ring
Síminn